Greinargerð um stöðu þekkingar og mat á fornleifaskráningu innan áhrifasvæðis ljósleiðara milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar



Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS849-21311

Reykjavík

2021

© 2021
Fornleifastofnun Íslands

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Áætlað er að leggja ljósleiðara milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar á næstu mánuðum. Tengir hf sér um undirbúning og eftirlit verksins fyrir Orkufjarskipti. Hér verður að beiðni verkkaupa kynnt samantekt á þeim fornleifaverkefnum sem unnin hafa verið innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis á síðustu 20 árum og settar fram tillögur um þörf á vettvangsúttekt. Tillögurnar eru sýndar á kortum aftar í skýrslunni. Minjastofnun Íslands mun úrskurða um hvernig standa skuli að skráningu fornleifa innan áhrifasvæðis ljósleiðarans. Skipta má fyrirhugaðri strenglegu í tvennt: annar hlutinn liggur frá Mýrarlóni að Vöglum í Eyjafirði og hinn hlutinn liggur frá Ytri-Bægisá í Eyjafirði að Varmahlíð í Skagafirði. Samanlagt er áhrifasvæði ljósleiðarans um 84 km að lengd og nær 15 m til hvorrar áttar frá áætlaðri miðlínu, alls 30 m breitt.

Unnin hafa verið ýmis fornleifaskráningarverkefni allt frá árinu 1999 á því svæði sem áætlað er að ljósleiðari muni liggja um. Eins og gefur að skilja eru gögnin, skráningin og tilgangur hennar æði misjafn. Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Hægt er að flokka fornleifaskráningu í þrennt: svæðisskráningu, aðalskráningu og deiliskráningu.

Svæðisskráning: Upplýsingum safnað saman um staðsetningu og gerð minja úr rituðum heimildum og af kortum. Með svæðisskráningu verður til grunnur þekkingar um fjölda og dreifingu minja á tilteknu svæði. Það gefur möguleika á að finna staði sem þykja sérstaklega athyglisverðir til kynninga eða rannsókna og svæði sem eru í hættu. Þessu til viðbótar er svæðisskráning undirbúningur fyrir aðalskráningu.

Aðalskráning: Farið á vettvang og rætt við ábúendur eða aðra staðkunnuga. Að því búnu er farið af stað og þekktar minjar úr heimildum staðsettar og skráðar á staðlaðan hátt. Þeim er lýst ítarlega, mat lagt á ástand þeirra, þær eru mældar upp og ljósmyndaðar eins og við á og að lokum er gert hættumat fyrir þær. Leitað er að áður óþekktum minjum þar sem líklegt er talið að þær geti leynst en ekki er farið með skipulögðum hætti yfir önnur svæði.

Deiliskráning: Þegar kemur að deiliskipulagi eru auknar kröfur um fornleifaskráningu. Verklagið er það sama og við aðalskráningu en í deiliskráningu þarf að auki að ganga skipulega yfir allt svæðið sem er verið að taka út og krafa er um að minjar séu mældar séu upp á nákvæman hátt (með innan við 1 m skekkju).

Nokkur skráningarverkefni hafa verið unnin innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis ljósleiðara milli Eyjafjaðar og Skagafjarðar síðastliðin 20 ár. Á heimasíðu Minjastofnunar Íslands er

listi yfir skráningarskýrslur sem tengjast svæðinu en hann er ekki tæmandi. Einnig má sjá fláka með fornleifaverkefnum í Minjavefsjá sömu stofnunar.[1] Aðalskráning fornleifa fór fram í Glæsibæjarhreppi á árunum 1999-2001 og Öxnadals- og Skriðuhreppi árið 2006 á vegum Fornleifastofnunar Íslands.[2] Mikil skekkja er á elstu hnitunum og staðsetning þeirra ónákvæm. Ekki hefur farið fram skipuleg aðalskráning fornleifa í Skagafirði líkt og í Eyjafirði. Fornleifastofnun Íslands gerði fornleifaskráningu árið 2000 vegna tilfærslu á þjóðvegi 1 í Norðurárdal í Skagafirði. Mikil skekkja er á þeim hnitum sökum aldurs. Byggðasafn Skagafjarðar vann aðalskráningu árið 2001 á hluta jarðarinnar Víðmel við Varmahlíð og árið 2003 fór fram aðalskráning í Varmahlíð. Gera má ráð fyrir að nokkur skekkja sé á þessum hnitum. Á vegum Byggðasafnsins fór einnig fram aðalskráning árið 2008 á Silfrastöðum, Úlfsstöðum, Kúskerpi og annars hluta Víðimels. Ef minjar úr þessum verkefnum lenda innan áhrifasvæðis ljósleiðara þarf að endurskoða gögnin og mæla staði upp til samræmis við núgildandi löggjöf.

Fornleifastofnun Íslands deiliskráði minjar vegna umhverfismats Blöndulínu 3 árið 2008 og gerði nýtt mat árið 2020.[3] Deiliskráningarsvæðið frá árinu 2020 þarf ekki að ganga í leit að fornminjum, og ekki er heldur þörf á að endurskoða fornleifaskráninguna. Ef minjar eru innan þess svæðis sem var deiliskráð 2008 (og var ekki endurmetið 2020) þyrfti að mæla þær upp en ekki ganga skipulega yfir svæðið. Byggðasafn Skagafjarðar vann deiliskráningu árið 2017 vegna ljósleiðara frá Varmahlíð að Hofi í Vesturdal, í Skagafirði. Ekki þyrfti að ganga aftur yfir það svæði né endurskoða skráningargögnin. Að auki hafa margvísleg minni skráningarverkefni verið unnin í þessum sveitarfélögum en ekkert þeirra er innan áhrifasvæðis ljósleiðara.

Tillögur um þörf á vettvangsskráningu innan áhrifasvæðis ljósleiðara eru settar fram á meðfylgjandi kortum. Búið er að skipta áhrifasvæðinu í þrjá flokka eftir tillögum um þörf á vettvangsskráningu: **Sleppa / Ganga / Aka**.

Forsendur flokkunarinnar eru eftirfarandi:

> **Ganga:** Óröskuð eða lítt röskuð svæði. Þessi svæði hafa ekki verið deiliskráð en stór hluti þeirra er aðalskráður. Ganga þarf skipulega yfir svæðin í leit að fornleifum og mæla upp/endurskoða þar sem eldri skráning er til.
>
> **Akstur**: Fyrirhugað er að plægja ljósleiðarann á kafla í eldri þjóðveg í hluta Eyjafjarðar, í reiðvegi, vegkanta og vegslóða. Í stað göngu væri hægt að aka hægt eftir þessum vegum en innan áhrifasvæðisins gætu leynst minjar. Þessi svæði eru að hluta aðalskráð og þarf að mæla upp/endurskoða þar sem eldri skráning er til.
>
> **Sleppa**: Deiliskráning hefur þegar farið fram í öðrum verkefnum á svæðinu eða ljósleiðari verður lagður í vegfyllingu í farvegi Héraðsvatna þar sem minja er ekki að vænta.

1 https://skyrslur.minjastofnun.is/; https://www.map.is/minjastofnun/ Aftast í þessari skýrslu er listi yfir skráningarskýrslur sem viðkoma fyrirhuguðu áhrifasvæði ljósleiðarans.

2 Þessi svæði tilheyra nú Akureyrarbæ og Hörgársveit.

3 Eva K. Dal, 2008.

Alls eru um 26 km sem þarf að ganga, 28,5 km sem þarf að aka og 29,5 km sem hægt er að sleppa innan fyrirhugaðs áhrifasvæðis ljósleiðara miðað við þær forsendur sem gefnar voru upp hér að framan. Tæpur þriðjungur þess svæðis sem þarf að ganga er frá Mýrarlóni að Vöglum, um Moldhaugaháls. Sá hluti er alls um 9 km. Eins þarf að ganga um 5,4 km í Skagafirði vestan Héraðsvatna. Hin svæðin sem þarf að ganga eru flest nærri þjóðvegum og í túnum nærri þjóðvegum og bæjum. Þau svæði sem hægt er að aka dreifast nokkuð jafnt yfir allt úttektarsvæðið. Segja má að lengstu kaflarnir séu í Öxnadal (um 11 km), austan Héraðsvatna (alls 3,5 km) og á Öxnadalsheiði (alls 4 km). Svæðin sem hægt er að sleppa eru að mestu í gömlum farvegi Héraðsvatna í Norðurárdal og innan áhrifasvæðis Blöndulínu 3.

Rétt er að ítreka að Minjastofnun mun endanlega úrskurða um hvernig standa skuli að skráningu fornleifa innan áhrifasvæðis ljósleiðarans og tilgangur þessarar greinargerðar er eingöngu að taka saman upplýsingar um fornleifaskráningu sem þegar hefur verið unnin innan svæðisins og koma með tillögur að framkvæmd vettvangsskráningar.

Heimildaskrá:

Bryndís Zoëga. 2017. *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Varmahlíð að Hofi í Vesturdal.* 2017/192. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagafirðinga.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. 1999. *Fornleifaskráning í Glæsibæjarhreppi II.* FS101-98042. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2001. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XV: Aðalskráning í Glæsibæjarhreppi III.* FS142-98043. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. 2008. *Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi. I. bindi*. FS370-04071. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Eva Kristín Dal o.fl. 2008. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar*. FS401-08141. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. 2008. *Fornleifaskráning í Akrahreppi. Silfrastaðir.* 2008/71. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagafirðinga.

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. 2008. *Fornleifaskráning í Akrahreppi. Úlfsstaðir og Kúskerpi.* 2008/72. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagafirðinga.

Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. 2008. *Fornleifaskráning í Akrahreppi.* 2008/83. . Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagafirðinga.

Katrín Gunnarsdóttir. 2001. *Fornleifa- og minjaskráning fyrir deiliskipulag vegna*

frístundabyggðar í landi Víðimels við Varmahlíð. 2001/6. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagafirðinga.


Katrín Gunnarsdóttir. 2002. *Reykjarhóll í Skagafirði. Fornleifaskráning vegna frístundabyggðar sunnan og vestan Reykjarhóls.* 2002/7. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagafirðinga.


Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. 2003. *Fornleifa- og minjaskráning fyrir aðalskipulag í Varmahlíð. Reykjarhóll, Barð, Brún og Laugarbekka. Hof og Reykjarhólssel í Brekkulandi.* 2003/19. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagafirðinga.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. 2021. *Blöndulína 3: Fornleifaskráning vegna úttektar á línukostum.* FS818-20281. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.


Orri Vésteinsson. 2000. *Fornleifakönnun. Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði.* FS123-00081. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.


Sólborg Una Pálsdóttir. 2005. *Víðimýri í Skagafirði. Fornleifaskráning.* Rit Fornleifaverndar ríkisins. 2005:1. Reykjavík: Fornleifavernd ríkisins.


Kort 1: Yfirlit yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara.
N
Tillaga að fornleifaskráningu
Ganga
Aka
Sleppa
0
5
10
15
20 km
© Loftmyndir ehf





Kort 2: Yfirlit yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara milli Mýrarlóns og Vagla. Hluti er innan svæðis sem var deiliskráð árið 2008 og 2020 vegna Blöndulínu 3.



N
Kort 3: Yfirlit yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara milli Ytri-Bægisár og Geirhildargarða, Eyjafirði.
Skýringar
Ganga
Aka
Sleppa
Áhrifasvæði Blöndulínu 2008
Áhrifasvæði Blöndulínu 2020
0
1
2
3
4 km
© Loftmyndir ehf



Kort 4: Yfirlit yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara milli Geirhildargarða í Eyjafirði að sýslumörkum á Öxnadalsheiði.


Kort 5: Yfirlit yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara frá sýslumörkum að Ytrakoti í Norðurárdal.
Skýringar
Ganga
Aka
Sleppa
Áhrifasvæði Blöndulínu 2008
Áhrifasvæði Blöndulínu 2020
0
1
2
3
4 km
© Loftmyndir ehf


N
Kort 6: Yfirlit yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara frá Ytrakoti í Norðurárdal að Víðivöllum.
0
1
2
3
4 km
© Loftmyndir ehf
Skýringar
Ganga
Aka
Sleppa
Áhrifasvæði Blöndulínu 2008
Áhrifasvæði Blöndulínu 2020


N
Kort 6: Yfirlit yfir áhrifasvæði fyrirhugaðs ljósleiðara frá Víðivöllum að Varmahlíð.
Skýringar
Ganga
Aka
Sleppa
Áhrifasvæði Blöndulínu 2008
Áhrifasvæði Blöndulínu 2020
0
1
2
3
4 km
© Loftmyndir ehf